

Uppgræðsla í beitarhólfi Hafnfirðinga í Krýsuvík

Áfangaskýrsla 2017 og áætlun 2018



Landgræðsla ríkisins 2018
Lr 2018/03





LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: Lr-2018/03

Dagsetning: 26. janúar 2018

Fjöld blaðsíðna:	<u>4</u>	Eintök:	<u>Dreifing:</u>	<u>Opin</u>
------------------	----------	---------	------------------	-------------

Heiti: Uppgræðsla í beitarhólfi Hafnirðinga í Krýsuvík
Áfangaskýrsla 2017 og áætlun 2018

Höfundar: Garðar Þorfinnsson

Verkefnisstjóri: Garðar Þorfinnsson

Unnið fyrir: Landgræðslu ríkisins

Ljósmyndir: Garðar Þorfinnsson

Samstarfsaðilar: Hafnarfjarðarbær, Garðabær

Útdráttur: Gerð er grein fyrir þeirri uppgræðslu sem unnið var að í beitarhólfi Hafnirðinga í Krýsuvík 2017. Borið var á 85 ha lands og nam kostnaðurinn við það um 2 m.kr. Árið 2018 er áformað að vinna á um 85 ha og er áætlaður kostnaður við það um 2,1 m.kr.

Efnisorð: Uppgræðsla, beitarhólf, Krýsuvík, áburðardreifing


Undirskrift verkefnisstjóra

Inngangur

Allt frá árinu 1988 hefur verið unnið að uppgræðslu og öðrum landbótum í beitarhólfi Hafnarfjarðarbæjar í Krýsuvík. Árangur uppgræðslustarfsins er góður og stór landsvæði hafa verið grædd upp. Árið 2013 var beitarhólfid kortlagt þar sem lagt var mat á ástand landsins og gerð skýrsla þess efnis. Í henni var lagt til að haldið yrði áfram að styrkja gróðurryr svæði og gera gróður sjálfbæran.

Í greinargerð þessari er sagt frá framkvæmdum ársins 2017 og lögð fram áætlun fyrir 2018 sem miðar einkum að því að tryggja varanleika undangenginna aðgerða.

Framkvæmdir 2017

Dagana 11. -13. júní dreifði verktaki á vegum Landgræðslunnar 16,8 tonnum af tilbúnum áburði á 85 ha lands. Megin áhersla var lögð á að bera á svæði syðst í beitarhólfinu, sjá meðfylgjandi kort.

Við val á svæðum var stuðst við kortlagningu ársins 2013 og skoðunarferðir starfsmanna Landgræðslunnar og verktaka. Heildarkostnaður við uppgræðsluna var um 2 mkr.



Mynd 1. Svæði sem búið er að græða upp með áburði og fræi í beitarhólfinu.

Áætlun 2018

Haldið verður áfram að að styrkja gróðurvæðing svæði með það að markmiði að gera gróður sjálfbæran. Einnig er áformað að sá grasfræi í moldir utan í rofabörðum. Í áætlun fyrir árið í ár er lagt upp með að borið verði á um 84 ha (16,8 tonn), þar sem borið verði að mestu á sömu svæði og árin 2016 og 2017. Með því að bera þrisvar á sama svæði, þá ætti uppgræðslu á því svæði að mestu að vera lokið. Heildarkostnaður við þá framkvæmd er um 2,1 mkr. á verðlagi ársins 2018. Áætlun þessi er sett fram með fyrirvara um fjármögnun verkefnisins og almennar verðlagsbreytingar. Fylgst verður með gróðurframvindu á uppgræðslusvæðunum næstu árin til að tryggja sem best árangur framkvæmda og gripið til viðeigandi aðgerða reynist þess þörf.

Lokaorð

Landgræðslan þakkar þeim samstarfið sem tekið hafa þátt í kostnaði við þetta brýna uppgræðsluverkefni á undanförunum árum. Verkefninu er ekki lokið og mikilvægt er að fjármagni verði áfram veitt til þess. Landgræðslan hvetur því samstarfsaðila til að styðja áfram við verkefnið fjárhagslega til að tryggja að sá árangur sem náðst hefur verði varanlegur.



Mynd 2. Svæði sem þarfnast áburðargjafar til að fylgja eftir aðgerðum fyrri ára.



- Skýringar**
- Girðingar
 - Vegir
 - Aðgerðir innan beitahólfis



Uppgræðsla í Krýsuvík



